

| |
|-------------------|
| Nr.: GAT-045 |
| Útgáfa: 07 |
| Dags.: 08.04.2010 |
| Höfundur: GLÁ |
| Samþykkt: HJS |
| Síða 1 af 2 |

Verkmenntaskólinn á Akureyri
Vefnaður 203
Kennsluáætlun í VEF203 Vor 2011



| | | | |
|----------------|-------------------------------------|---------------|------------|
| Kennari | Ragnheiður Björk Þórssdóttir | Sk.st. | RþÓ |
|----------------|-------------------------------------|---------------|------------|

Undanfari: VEF103

Áfangalýsing:

Í VEF 203 vefa nemendur nytjahlut/hluti og setja upp í vefstól tveir og tveir saman með aðstoð kennara. Nemendur byrji að tileinka sér útreikninga og vinna eftir bindifræðimunstrum fyrir vefnað. Áhersla er lögð á að nemendur vinni með og þekki þráðarbrekán á flögur - sex skoft, bundið rósaband, samsetta bindingu s.s. hálfdregil, salún og íslenskt glit. Nemendur byrja að tileinka sér gildi mismunandi uppistöðu og ívafs í mismunandi vefnaðaraðferðum.

Markmið:

Að nemendur:


- reikni út sína eigin uppistöðu áður en rakið er í slöngu.
- vinni með frekar fínan þráð og reynt er að stuðla að því að nemendur vinni eftir eigin hugmyndum á frjálsan og skapandi hátt.
- nemendur geri sér grein fyrir mismunandi eiginleikum vefjarefna og fjölbreyttu notagildi þeirra.

Hugmyndir um verkefni:

Unnið með t.d. bundið rósaband þ.e. krókbragð á 4 - 6 skoft þráðar brekán á 4 - 6 skoft og með tveim litum eða annar einfaldur jafnþráðavefnaður s.s. salún eða hálfdregill. Skila skal möppu með vinnuteikningum og útreikningum á uppsettri voð.

Tímasetning:

| Vika | Námsefni |
|-------------|---|
| 2.- 4. | Áfanginn kynntur og nemendur ákveða verkefni í samráði við kennara. Hugmyndavinnuferli. Útreikningar á slöngu og byrjað að rekja í uppistöðu. |
| 5.- 8. | Uppsetning í vefstól, inndráttur í hafold og skeið. Skoft og skammel bundin upp með aðstoð kennara og byrjað að vefs. |
| 9.-16. | Voðin ofin. Frágangur og möppuvinnna |

| | | |
|-------------------|--|---|
| Nr.: GAT-045 | Verkmenntaskólinn á Akureyri Vefnaður 203 Kennsluáætlun í VEF203 Vor 2011 |  |
| Útgáfa: 07 | | |
| Dags.: 08.04.2010 | | |
| Höfundur: GLÁ | | |
| Samþykkt: HJS | | |
| Síða 2 af 2 | | |

| Námsmat | Lýsing | Vægi |
|-----------------------|----------------------------|------|
| Prufur og uppskriftir | Prufumappa með uppskriftum | 20 % |
| Ofið/n stykki | Vefnaður og frágangur | 70 % |
| Frammistaða á önn | Ástundun og vinnubrögð | 10 % |

| Tegund | Námsgögn |
|---------|--|
| Bækur | Fagbækur f. vefnað, myndlist og textíl. Bindifræði Sigríðar Halldórsdóttur (ljósrit í vefstofu og á bókasafni VMA) og óútgefið efni eftir kennara. |
| Tímarit | Vefnaðartímarit |

Fjarvistir:

Fjarvistastig í þessum áfanga eru hámark 9 stig eða 9 kennslustundir. Ef fjarvistir verða fleiri verða nemendur að leita til síns kennslustjóra og sækja um leyfi til áframhaldandi setu í áfanganum.

Innkaup:

Nemendur halda áfram með að setja hugmyndir, skissur, uppskriftir og prufur í möppu úr VEF103. Einnig er gott að vera með reiknivél og skrifffæri. Efni er til staðar í skólanum og þurfa nemendur að kaupa það sjálfir. Efnisgjöld áfangans eru dregin frá þeirri upphæð.

Mjög mikilvægt er að nemendur vinni jafnt og þétt á milli tíma til að ná settum markmiðum og árangri.

Verkefni sem ekki verða sótt á skiladegi annarinnar verða geymd í 1 ár án ábyrgðar!

Með fyrirvara um breytingar.

Ragnheiður Björk Þórssdóttir (ragga@vma.is)

Dagsetning:
Undirritun kennara

Silfur Björk
Undirritun brautarstj., fagstj. eða staðgengils